



Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2021

*Tilvísun: 2103061/0.7.6*

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni strandflutninga

Landhelgisgæsla Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um könnun á hagkvæmni strandflutninga, 268. mál. Í tillögunni kemur fram að markmið hennar sé að strandflutningar verði skoðaðir sem hagkvæmur og umhverfisvænn kostur í vöruflutningum þannig að hægt verði að flytja þungaflutninga af vegakerfinu.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að strandferðaskip mætti einnig nýta sem björgunarskip í neyðartilfellum, þau mætti útbúa með öflugum slökkvibúnaði, þryllupalli og eldsneytisgeymum fyrir þrylluólu. Varðandi þessi atriði vill Landhelgisgæslan koma því á framfæri að það sé varhugavert að stefna að svo fjölþættu hlutverki strandflutningaskipa. Eðli máls samkvæmt þurfi slík skip að vera lipur og jafnframt vel sjóhæf. Það er mjög vandasamt að halda uppi strandflutningaáætlun á hinar ýmsu hafnir umhverfis landið. Það þarf að fara inn á hinar ýmsu hafnir, oft á tíðum við erfiðar veðurfarslegar og aðrar náttúrufarslegar aðstæður. Það fer ekki endilega vel saman að sinna leitar- og björgunarstörfum, slökkvistörfum og afgangi þryllueldsneytis á sjó samhliða strandflutningum. Þessi störf krefjast ennfremur sértækrar þjálfunar áhafnar. Af þeim sökum telur Landhelgisgæsla Íslands ekki rétt að taka þessi atriði inn í hagkvæmnismat varðandi strandflutninga, þar sem niðurstaðan gæti orðið sú að um afar takmarkaða getu slíkra skipa væri að ræða að því er varðar leit- og björgun, slökkvistörf og dráttaraðgerðir.

Virðingarfyllt,

Guðríður Margrét Kristjánsdóttir  
Yfirlögfræðingur